

Tillögur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að áhersluverkefnum 2018

Verkefni 1	Kortlagning á dreifingu ferðamanna á Suðurnesjum
Markmið (1-2 setningar)	<i>Unnið verður að því að kortleggja dreifingu ferðamanna á Suðurnesjum árið 2018.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Verkefnið er liður í uppfærslu á innviðagreiningu á Suðurnesjum 2017. Settir verða upp teljarar á völdum áfangastöðum á Reykjanesi til að mæla fjölda og dreifingu ferðamanna.
Framkvæmdaaðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Suðurnesjum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: Aukning ferðamanna til landsins skapar gífurlega möguleika í atvinnumálum svæðisins. Nýta þarf þau tækifæri sem ferðaþjónustan skapar á svæðinu, t.d. vegna nálægðar við höfuðborgina, Bláa lónið, Keflavíkurlugvöll og einstakar náttúruperlur á Suðurnesjum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<ul style="list-style-type: none"> Ríkisstjórnin vill hraða uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum bæði með nýframkvæmdum og viðhaldi. Við forgangsröðun í vegamálum verður sérstaklega litið til ólíkrar stöðu svæða, ferðaþjónustu og öryggissjónarmiða
Árangursmælikvarðar	Að talning fari fram allt árið á völdum stöðum á Reykjanesi. Að áform um uppbygging á ferðamannastöðum séu í takt við fjölda gesta. Lokið verði við uppfærslu á Innviðagreiningu í árslok 2018.
Lokafurð	Talningarskýrsla liggi fyrir í árslok.
Tímarammi	01.01.-31.12.2018
Heildarkostnaður	Kr. 3.900.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Bifreiðatalningar á Reykjanesi: 2.000.000 kr. Uppfærsla á Innviðagreiningu. 1.000.000,- kr. Kaup á íbúakönnun 900.000,- kr.



Verkefni 2	Fjölgun hjúkrunarfræðinga á Suðurnesjum með fjarnámi
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að auka fjölda hjúkrunarfræðinema hjá MSS í fjarnámi um 50%</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<p>Hjá MSS stunda 15 einstaklingar fjarnám í hjúkrunarfræði frá Háskólanum á Akureyri. Þessir einstaklingar eiga allir það sameiginlegt að búa á Suðurnesjum með sínum fjölskyldum og vilja geta gert það áfram. Mikilvægt er fyrir samfélagið að fá útskrifaða hjúkrunarfræðinga en Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er mikilvæg stofnun og mikil þörf á að tryggja að menntað og hæft starfsfólk komi til starfa þangað. MSS hefur síðan árið 2000 gefið einstaklingum í þessari stöðu tækifæri til að stunda nám í heimabyggð. Alls stunda 120 einstaklingar fjarnám í gegnum MSS en af þeim eru 15 einstaklingar sem eru í hjúkrunarfræði. Áætluð útskrift hjá þeim er 2019.</p> <p>Mikilvægt er að bjóða nemendum aðstöðu til að stunda háskólanám sitt. Það inniheldur að geta stundað þá tíma í fjarfundabúnaði sem þörf er á, að geta haft aðstöðu til að stunda heimanám og vinna saman í hópum og að geta tekið þau próf sem þau þurfa.</p> <p>Verkefnið er hluti af áhersluverkefni í menntamálum og snýr á því að hækka menntunarstig á Suðurnesjum sem og bregðast við þörfum samfélagsins á Suðurnesjum um fleiri útskrifaða hjúkrunarfræðinga.</p> <p>Fjarnám í hjúkrunarfræðum krefst þess að kennslustofa sé föst, búnaður fyrir hendi og að ábyrgur aðili geti aðstoða nemendur. Ekki átti að taka inn nýja nemendur í fjarnám í hjúkrunarfræðum á Suðurnesjum nema til kæmi að verkefnið yrði styrkt.</p>
Framkvæmdaaðili	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<ul style="list-style-type: none">Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).Hafa öflugna náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinuÖflugt menntakerfi er forsenda framfara og boðar ríkisstjórnin stórsókn í menntamálum. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi hjúkrunarfræðinema hjá MSS
Lokafurð	Útskrifaðir hjúkrunarfræðingar 2019
Tímarammi	2017-2019
Heildarkostnaður	Kr. 4.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 4.000.000,-



Verkefni 3	Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu.
Markmið (1-2 setningar)	<i>Minnka brottfall úr námi um 5%. Hækka menntunarstig á Suðurnesjum um 2%. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none">• Auka eftirfylgni með þeim börnum sem klára grunnskóla til þess fleiri sæki sér framhaldsmenntun• Úttekt á námsframboði á Suðurnesjum verður borin saman við starfagreiningu• Menntun efla í tengslum við atvinnulífið á svæðinu• Nemendur verði undirbúnir fyrir þau störf sem þeim standa til boða á Suðurnesjum.• Verkefnið er framhaldsverkefni frá fyrra ári.
Framkvæmdaaðili	Þekkingarsetur Suðurnesja
Samstarfsaðilar	Fræðsluskrifstofur sveitarfélaganna, SSS, atvinnulífið og menntastofnanir á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none">• Dregið hefur úr brottfalli nemenda á svæðinu og er nauðsynlegt að halda áfram á þeirri vegferð.• Vinna þarf áfram að bættum námsárangri nemenda í skólum á Suðurnesjum.• Auka þarf framboð á störfum fyrir háskólamenntaða á Suðurnesjum.• Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).• Hafa öflugna náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinu eru kynntir fyrir yngri íbúum• Auka þarf framboð menntunar í ferðaþjónustutengdum greinum á svæðinu.• Fjölbreytt framboð menntunar þarf að vera til staðar fyrir alla aldurshópa ekki hvað síst til að skapa umgjörð til eflingar fullorðinsfræðslu.
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<ul style="list-style-type: none">• Öflugt menntakerfi er forsenda framfara og boðar ríkisstjórnin stórsókn í menntamállum. Skapandi og gagnrýnin hugsun, læsi og þátttaka í lýðræðissamfélagi verður áfram undirstaða íslenska skólakerfisins. Lögð verður rík áhersla á að efla menntun í landinu með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Nýsköpun og þróun verður að efla á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none">• Samanburður á fjölda nemenda í FS milli ára



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

	<ul style="list-style-type: none">• Menntunarstig á Suðurnesjum borið saman við landsmeðaltal• Úttekt á námsframboði á Suðurnesjum borin saman við starfagreiningu• Atvinnuleysistölur bornar saman milli ára
Lokafurð	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu
Tímarammi	2015-2019
Heildarkostnaður	Kr. 4.580.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 4.580.000,-



Verkefni 4	Ímynd Suðurnesja
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að styrkja ímynd Suðurnesja og fjölga jákvæðum úr 70% í 75% Að fjölga þeim sem vilja íhuga búsetu á Suðurnesjum úr 9% í 11% Að fjölga þeim sem vilja starfa á Suðurnesjum úr 6% í 10% Að auðvelda og bæta fjölmiðlaumfjöllun.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none">• Mikil þörf er á að kynna hvað Suðurnesin hafa að bjóða, bæði fyrir íbúa sem gesti, innlenda sem erlendra. Ná þarf betur til ungs fólks og kynna því möguleika á störfum og búsetu á svæðinu.• Áhersla verður lögð á að koma á framfæri jákvæðum fréttum af svæðinu• Komið verður á fót sameiginlegu markaðsefni fyrir sveitarfélög og fjölmiðla þar sem keyptar verða ljósmyndir og myndbönd til afnota.• Markhópar skilgreindir betur og skerpt á fókus• Fræðsla í markaðsmálum fyrir sveitarfélög og verkfærakassi• Stutt verður við jákvæðar sögur af svæðinu í héraðsmiðlum• Verkefnið er framhaldsverkefni frá fyrra ári.
Framkvæmdaaðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum/ Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjaness, Sveitarfélögin á Suðurnesjum, fyrirtæki í ferðaþjónustu og Reykjanes Geopark, sjávarútvegur, mennta- og menningarstofnanir, atvinnuþróunarfélög, Auðlindagarður
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none">• Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innvið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).• Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).• Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<ul style="list-style-type: none">• <i>Ríkisstjórnin leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífelldum örnari tæknibreytingum. Þeim munu fylgja nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að til staðar sé umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum, þ.m.t. hjá hinu opinbera og í rótgrónum greinum.</i>



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none">• Viðhorfskannanir þar sem viðhorf landsmanna til Suðurnesja er mælt• Fjöldi jákvæðra fréttu á árinu
Lokafurð	Árangur er tekinn saman í skýrslu sem kynnt er hagsmunaaðilum.
Tímarammi	2015-2019
Heildarkostnaður	Kr. 12.000.000
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 12.000.000,-



Verkefni 5	Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum í dagatal
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að auðvelda aðgengi íbúa og gesta að menningarviðburðum á svæðinu Að styðja við og efla menningarviðburði á svæðinu</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<p>Menningarlíf á Suðurnesjum er blómlegt og mikilvægt fyrir búsetu. Svæðið er þekkt fyrir tónlistarafleið sína auk áhugaverðar sögu sem tengist sjósókn og náttúru. Ýmsar menningarhátíðir eru haldnar í sveitarfélögunum á Suðurnesjum sem og samstarfs verkefni á sveitarfélaga á Suðurnesjum, t.d. Safnahelgi og List án landamæra.</p> <p>Áríðandi er að koma þessum upplýsingum inn á einum stað á veraldarvefnum þar sem gott aðgengi er fyrir almenning. Verkefni felst í því að halda utan um og skrá inn upplýsingar á Suðurnesjum. Vonir standa til þess að verkefnið nái að lifa áfram og þetta ár verði notað til þess að lagafæra skráningarkerfið, handleiðslu og vekja áhuga á möguleikum haghafa til að nota sér þetta tæki sér að kostnaðarlausu.</p>
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Reykjanes
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjanes, sveitarfélögin á Suðurnesjum, Tónlistaskólar á Suðurnesjum, kirkjur, menningarfélög sem og allir aðrir sem vilja koma upplýsingum um menningarviðburði á framfæri.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.:
<i>Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar</i>	<ul style="list-style-type: none">• Á Suðurnesjum er hefð fyrir öflugum tónlistarlífi og er mikilvægt að hlúa að nýliðun í tónlistasköpun.• Í menningarmálum hefur samstarf aukist innan svæðisins og veruleg tækifæri felast í bættum brag Suðurnesja með aukinni áherslu á menningu.• Með því að tengja ferðaþjónustu og menningu má örva og styrkja báða þessa þætti á svæðinu.• <i>Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsum samfélagi. Þess vegna skiptir máli að allir landsmenn geti notið lista og menningar og tekið þátt í slíku starfi. Hlutverk stjórnvalda er að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.</i>
Árangursmælikvarðar	Fjöldi skráðra menningarviðburða
Lokafurð	Virkur vefur þar sem menningarviðburðir eru skráðir inn.
Tímarammi	01.01.2018-31.12.2018
Heildarkostnaður	Kr. 500.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 500.000,-



Verkefni 6	Rannsókn á líðan eldri borgara
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að bregðast við örri fjölgun íbúa á Suðurnesjum og meta þjónustuþörf til að bæta uppbyggingu öldrunarþjónustu á Suðurnesjum</i> <i>Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á heilsu, líðan og lífsgæði aldraðra á Suðurnesjum.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Gríðarleg fólksfjölgun hefur átt sér stað á Suðurnesjum undanfarin ár. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 1500 manns á milli árunna 2016-2017. Á sama tíma og íbúum Suðurnesjum fjölgaði um 6,2%, fjölgaði íbúum í Reykjavík um 0,8%. Á þessu sama tímabili fjölgaði í hópi áttatíu ára og eldri um 2,7% á Suðurnesjum miðað við 1,6% fækkun í Reykjavík.. Þjónustuhópur aldraðra á Suðurnesjum er skipaður samkv. lögum nr. 31/1999 en hann leggur áherslu á að miðað við fjölgun íbúa á svæðinu sé mikilvægt að vita þörf á þjónustu og geta þannig skipulagt þjónustu í nútíð og framtíð. Lagt er til að gerð verði þjónustukönnun meðal eldri borgara á svæðinu og þannig sé hægt að notast við staðreyndir við mat á þjónustuþörf en ekki tilfinningu. Niðurstöður í könnun sem þessari geta reynst dýrmætur efniviður í uppbyggingu á öldrunarþjónustu á Suðurnesjum.
Framkvæmdaaðili	Þjónustuhópur aldraðra á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	Félagsþjónustur Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs, Voga og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none">• Skapa þarf umgjörð fyrir eldri borgara til áframhaldandi starfa sem henta óskum og möguleikum þeirra.• Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<ul style="list-style-type: none">• <i>Ríkisstjórnin mun leggja sérstaka áherslu á forvarnir og lýðheilsu, meðal annars í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu og með stuðningi við íþróttir, æskulýðsstarf og öldrunarstarf. Skoðuð verður beiting efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu.</i>
Árangursmælikvarðar	Fjöldi þeirra sem taka þátt í rannsókninni.
Lokafurð	Skýrsla með samantekt á niðurstöðum rannsóknarinnar ásamt tillögum að næstu skrefum.
Tímarammi	01.02.2018-31.12.2018
Heildarkostnaður	Kr. 3.800.000,- (kostnaður við rannsókn kr. 3.472.000,- + prentun og uppsetning kr. 328.000)
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 3.800.000,-



Verkefni 7	3-D líkan til að meta áhrif framkvæmda
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að bæta yfirsýn yfir tilgreind svæði og sjá hvaða áhrif nýjar framkvæmdir hafa á þau áður en til framkvæmdanna kemur.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	Með líkaninu eru umhverfi og aðstæður raungerðar þannig að notendur upplifi sig stadda á tilgreindu svæði óháð eigin staðsetningu. Hægt er að raungera innan líkansins uppbyggingu og/eða verklegar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á þeim svæðum sem líkanið nær yfir meðan þær eru enn á hugmyndastigi. Þannig er mögulegt að meta áhrif þeirra framkvæmda á bæði á nærumhverfið og fjærumhverfið áður en þær hefjast. Slík yfirsýn auðveldar skoðanamyndun á viðkomandi framkvæmdum, hjálpar til við ákvarðanatöku í tengslum við framkvæmdirnar og eykur líkur á að koma í veg fyrir mistök í tengslum við þær.
Framkvæmdaaðili	Reykjaneshöfn
Samstarfsaðilar	Sandgerðishöfn, Grindavíkurhöf og Isavia.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none">• Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innvið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).• Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024). Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<i>Ríkisstjórnin leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum. Þeim munu fylgja nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að til staðar sé umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum, þ.m.t. hjá hinu opinbera og í rótgrónum greinum</i>
Árangursmælikvarðar	Líkan sem vinnur í samræmi við markmið verkefnisins.
Lokafurð	3-D líkan.
Tímarammi	01.02.2018-31.12.2018. Fyrsti fasi
Heildarkostnaður	Kr. 3.500.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 3.500.000,-

Verkefni 8	Auka sýnileika Geopark á Suðurnesjum
Markmið (1-2 setningar)	<i>Að auka vitund íbúa um starf og markmið Reykjanes Geopark.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"> • Íbúum verður boðið að taka þátt í íbúafundum í öllum sveitarfélögum þar sem þeir geta haft áhrif á starfsemi sameiginlega rekinna stofnana. • Íbúar fá sent kynningarrit um starfsemi Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes og ferðaþjónustu á svæðinu með kynningarriti sem að dreift verður í öll hús á Suðurnesjum. • Gefin verður út bók þar sem blandað verður saman ljósmyndum og textabrotum úr dægurlögum. • Framleiddar verða vörur, innblásnar af Reykjanes Geopark, sem dreift verður til íbúa. Ein þeirra gæti verið spilastokkur með hugmyndum að útvist og náttúru svæðisins.
Framkvæmdaaðili	Reykjanes Geopark
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjanes, Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innvið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024). • Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024). • Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
<i>Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar</i>	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Stutt verður myndarlega við rannsóknir í greininni sem og uppbyggingu innviða og landvörslu. Gæta þarf að því að uppbygging bitni ekki á aðdráttarafli svæða og tryggja að áfram verði til fátárin svæði, bæði til verndar náttúru og vegna upplifunar ferðamanna.</i>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Könnun á viðhorfi til Reykjanes Geopark
Lokafurð	Íbúafundir, kynningarrit, útgáfa bókar og spilastokkur 52 hugmyndir .
Tímarammi	01.02.2018-31.12.2018
Heildarkostnaður	Kr. 9.000.000,- (750.000 kr. í íbúafundi, 1.500.000 kr. í útgáfu á kynningarriti í vor um RGP og MR, 3.750.000 kr. í framleiðslu og dreifingu á kynningarefni, m.a. spilastokk, 3.000.000 kr. í útgáfu kynningarbókar)
Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 9.000.000,-
Verkefni 9	Efling nýsköpunar á Suðurnesjum – Reykjanes Startup



Markmið (1-2 setningar)	<i>Að efla nýsköpun og aðgang frumkvöðla og fyrirtækja að stuðningsumhverfi.</i>
Stutt verkefnaýsning (útdráttur úr verkefnaýsingu)	Ljóst er að auka þarf hlutfall þeirra sem sækja styrki og fá fjármögnun til nýsköpunar á Suðurnesjum en þar stöndum við lakar en önnur landssvæði. Auka þarf fjárfestingu og sjóði sem standa sprotafyrirtækjum á Suðurnesjum til boða.
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja Heklan
Samstarfsaðilar	Eignarhaldsfélaga Suðurnesja, Keilir og Kadeco
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none">• Orkan og orkutengd starfsemi mun skapa Suðurnesjum veruleg tækifæri til atvinnueflingar. Auka þarf samstarf fyrirtækja í orkugeiranum, ekki hvað síst hjá fyrirtækjum sem eru að þjónusta greinina og eins með margvíslegri nýtingu hugvits og nýsköpunar.• Miklir möguleikar leynast í aukinni fullvinnslu sjávarafla. Verður það gert með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og byggir það m.a. á samstarfi fyrirtækja í sjávarútvegi og fræðasamfélagsins.• Á Suðurnesjum er jákvætt viðhorf til nýsköpunar og leynast mikil tækifæri í þeim efnum á komandi árum. Tækifærin eru fjölbætt, m.a. nálægð við höfuðborgarsvæðið, sjósóknarsvæði og stór útgerðarfyrirtæki sem starfa í landshlutanum.• Starfandi verða klasar öflugra fyrirtækja sem nýta orkuna af svæðinu. Slíkir klasar geta verið staðsettir t.d. í Helgúvik eða á Reykjanesi og koma til með að hafa víðtæk áhrif á samfélagið á Suðurnesjum bæði hvað varðar tekjur landshlutans og aukna eftirspurn eftir starfskröftum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
Tengsl við Stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	<ul style="list-style-type: none">• <i>Ríkisstjórnin mun fylgja eftir aðgerðum í nýlegri aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs og meðal annars láta vinna vegvísi um rannsóknarinnviði. Ríkisstjórnin mun vinna að því að skilyrði hér á landi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði framúrskarandi.</i>• <i>Kannaðir verða möguleikar Íslandsstofu til að kynna Ísland betur sem heimahöfn rannsókna- og þróunarverkefna. Sett verður af stað vinna við að undirbúa klasastefnu fyrir Ísland þar sem unnið er með styrkleika ólíkra atvinnugreina í samvinnu menntakerfis, rannsóknastofnana, atvinnulífs, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.</i>
Árangursmælikvarðar	Start up hraðall haldinn á Suðurnesjum -fjöldi þátttakenda -fjöldi nýsköpunarfyrirtækja Yfirlit yfir styrkumsóknir af svæðinu í samanburði við landið
Lokafurð	Skýrslu skilað með samanburði á stöðu fyrir og eftir verkefni.
Tímarammi	01.02.2018-31.12.2018
Heildarkostnaður	Kr. 1.458.000,-



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Framlag úr sóknaráætlun 2018	Kr. 1.458.000,-
---------------------------------	-----------------